

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2002.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2002.

Tekjur	Kr.
Vextir af bankainnstæðum	9.995,19
	<u>9.995,19</u>
Gjöld	
Fjármagnsskattur	998,00
Tekjur umfram gjöld	8.997,19
	<u>9.995,19</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2002.

Eignir	
Bankainnstæður	168.530,39
	<u>168.530,39</u>
Skuldir	
Hrein eign pr. 1. janúar 2002	159.533,20
Hreinar tekjur árið 2002	8.997,19
	<u>168.530,39</u>

Samgönguráðuneytinu, 9. maí 2003.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

16. maí 2003

Nr. 372

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 9. maí 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættumats og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. maí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.